



Hafnarfjörður



Námskrá
Arnarbergs



JÚNÍ 2025





© Skólanámskrá leikskólans Arnbergs, 2025.

Að gerð skólanámskránnar komu kennarar, foreldrar og börn í leikskólanum Arnarbergi.

Ábyrgðarmaður: Bjarney Kristín Hlöðversdóttir.

Hönnun og umbrot: Elva Dögg Guðmundsdóttir.

Yfirlestur og góð ráð: Berglind Kristín Long Bjarnadóttir.

Formáli

Hver menntastofnun útfærir sína skólanámsskrá og hefur Aðalnámskrá leikskóla, sem byggir á lögum nr. 90/2008, til grundvallar ásamt menntastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskráin er því leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf og veitir okkur skýra sýn á tilgang og markmið menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hafnarfjörður hefur skuldbundið sig til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem viðmið sáttmálans eru notuð í þjónustu við börn og ungmenni.



Skólanámskrá Arnarbergs lýsir hugmyndafræði og starfsháttum leikskólans og gefur innsýn í hvernig við vinnum með börnunum dag frá degi. Hún endurspeglar þau gildi og áherslur sem liggja til grundvallar í öllu okkar starfi, hvernig við skipuleggjum dagana, nálgumst uppeldi og nám og hvernig við leggjum rækt við samskipti, leik og læsi.

Markmið skólanámskrárinnar er að tryggja að leikskólastarfið sé markvisst og faglegt, stuðli að vellíðan og þroska allra barna og geri starfið okkar sýnilegt, bæði fyrir foreldra og aðra sem fylgjast með skólastarfinu. Skólanámskráin er lifandi skjal sem við endurskoðum reglulega í takt við samfélagsbreytingar og nýjar áherslur í menntamálum. Þannig erum við meðvituð um að halda þróun í starfi leikskólans áfram.

Við leggjum mikla áherslu á að allt starfsfólk komi að gerð skólanámskrárinnar, enda er hún sameiginlegt verkefni þar sem allir kennarar leggja sitt af mörkum til að skapa hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Við trúum því að þegar allir fá að hafa rödd og vinna saman í anda virðingar og samvinnu, skapist öflugt og öruggt samfélag fyrir börnin. Jafnframt er starfsáætlun leikskólans uppfærð á hverju ári. Hún veitir innsýn í það sem fram undan er; áherslur, skóladagatal og daglegt skipulag, ásamt því að lýsa innra- og ytra mati frá síðasta skólaári.

Læsi skipar sérstakan sess á Arnarbergi. Við tengjum það við daglegt líf barnanna, bæði í sjálfsprottnum leik og í skipulögðu starfi. Í gegnum vettvangsferðir, grenndarkennslu, sköpun, spjall og sögustundir fá börnin tækifæri til að tjá sig, hlusta og taka þátt í innihaldsríku námi. Læsi er ekki aðeins lestur og ritun heldur líka leikur, samtal, frásögn og sköpun, sem þannig umlykur alla þætti daglegs lífs í leikskólanum.

Við trúum því að með hlýju, leikgleði og samvinnu megi skapa skólaumhverfi þar sem börnin fá að vaxa og dafna, finna sína rödd og læra að lesa í heiminn í kringum sig á eigin forsendum. Einkunnarorð leikskólans „Læsi er leikur“ eru leiðarljós í starfinu og þau endurspegla þá trú okkar að í gegnum leik, samskipti og þátttöku öðlist börn dýrmæta færni til framtíðar.

Hafnarfjarðarbær er barnvænt sveitarfélag og vinnur eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna(2013) og hefur réttindi barna að leiðarljósi í allri starfsemi. Markmiðið er að tryggja að börn fái að taka þátt í málum sem þau varða, njóti jafnræðis og búi við öruggt og hvetjandi umhverfi. Í leikskólum felur þetta í sér að börn fá rými til að tjá sig, taka þátt og upplifa að þau skipti máli. Sveitarfélagið leggur sig fram um að hlusta á börnin, veita fræðslu um réttindi þeirra og búa þannig til samfélag þar sem velferð þeirra er í forgangi.



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Inngangur.....	7
2. Leikskólinn Arnarberg.....	8
Starfsfólk leikskóla.....	9
Hlutverk leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra.....	9
Hlutverk sérkennslustjóra/tengiliðs farsældar	10
Hlutverk deildarstjóra	10
Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna.....	11
3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans	11
Leiðarljós leikskólastarfsins.....	11
Kennsluhættir leikskólans/Leikurinn	13
Sérfræðiþjónusta.....	15
Brúin.....	16
Sérkennsla í okkar leikskóla	17
4. Grunnþættir menntunar	18
Jafnrétti.....	20
Jafnrétti í leikskólastarfinu	20
Læsi	21
Læsi í leikskólastarfinu.....	22
Heilbrigði og velferð	23
Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu.....	24
Sjálfbærni	26
Sjálfbærni í leikskólastarfinu.....	26
Sköpun.....	28
Sköpun í leikskólastarfinu	29
Lýðræði og mannréttindi.....	30

Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu	31
5. Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	32
Læsi og samskipti.....	33
Heilbrigði og vellíðan.....	34
Sjálfbærni og vísindi	35
Sköpun og menning.....	36
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn.....	37
Foreldrasamtöl.....	38
Samstarf heimilis og leikskóla	39
Foreldraráð	40
Foreldrafélag	40
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	41
8. Mat og eftirlit.....	42
Ytra mat á leikskólastarfi	43
Innra mat á leikskólastarfi	44
Heimildaskrá.....	46

1. Inngangur



Leikskólar eru menntastofnanir sem hafa það markmið að mæta ólíkum þörfum barna og skapa þeim öruggt, hlýlegt og hvetjandi námsumhverfi.

Í leikskólastarfi er lögð áhersla á að styðja við alhliða þroska, vellíðan og menntun hvers barns, þar sem leikur og sköpun eru lykilatriði.

Aðalnámskrá leikskóla, sem byggir á lögum nr. 90/2008, er leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf og veitir okkur skýra sýn á tilgang og markmið menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Námskráin er ígildi reglugerðar og tryggir samræmi og réttindi barna til menntunar og uppeldis um allt land. Hún hjálpar okkur að skapa gæðastarf þar sem velferð barna og virðing fyrir fjölbreytileika eru í forgrunni. Árið 2023 voru sett í lög viðbætur við Aðalnámskrá leikskóla þar sem leikurinn fær viðameiri sess en áður. Að því tilefni tóku Sara M. Ólafsdóttir og Svava B. Mörk saman *Handbók um leikinn* sem vísað verður til í umfjöllun um menntun leikskólabarna í þessari námskrá.

Í öllu okkar starfi er hagur og velferð barna í forgrunni. Við viljum skapa aðstæður þar sem börn finna fyrir öryggi, virðingu og félagslegum tengslum sem þau læra í gegnum leik og að taka virkan þátt í samfélaginu í kringum sig. Leikskólastarf á að einkennast af kærleika, virðingu, jafnrétti og lýðræðislegu samstarfi og endurspegla menningu, manngildi og mannréttindi.

2. Leikskólinn Arnarberg

Leikskólinn Arnarberg hefur verið starfandi í núverandi mynd við Haukahraun frá ágúst 2003. Fyrir þann tíma var leikskólinn til húsa að Smyrlahrauni 41 sem einnar deildar leikskóli, en starfsemin þar hófst árið 1981. Árið 1998 tók Hafnarfjarðarbær við rekstri foreldrarekins leikskóla, Hraunkots, sem var staðsettur þar sem Arnarberg stendur nú. Leikskólarnir voru sameinaðir og í kjölfarið var húsnæði Hraunkots, sem orðið var gamalt og úrelt, rífið og nýtt hús byggt fyrir Arnarberg.

Umhverfi leikskólans er einstaklega rólegt og friðsælt. Leikskólalóðin er rúmgóð og hönnun hennar tekur mið af náttúrulegu umhverfinu þar sem hraunið fær að njóta sín og skapar einstakt og þroskandi leiksvæði fyrir börnin.



Úti er heimur fullur af möguleikum – þar geta börn hlaupið um, hoppað og klifrað, fundið fyrir frelsi og kynnst náttúrunni með öllum skilningarvitum sínum.

Mynd 1- Bento ,G og Garcia, G. (2017).

Starfsfólk leikskóla



Starfsfólk á að sýna börnum virðingu, hlusta á þau og taka sjónarmið þeirra alvarlega. Einnig ber því að styðja við styrkleika og hæfileika hvers barns, hlúa að leik og námi og skapa umhverfi þar sem börn fá að njóta æsku sinnar á eðlilegan og þroskandi hátt.

Allt starfsfólk leikskólans gegnir mikilvægu hlutverki í daglegu starfi skólans. Þeim ber að vinna samkvæmt Aðalnámskrá og skólanámskrá og leggja sitt af mörkum til að skapa faglegt og lýðræðislegt starfsumhverfi. Samskipti við börn, foreldra og samstarfsfólk skulu byggjast á virðingu, trausti og góðri samvinnu.

Hlutverk leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra

Leikskólastjóri gegnir lykilhlutverki sem faglegur og rekstrarlegur leiðtogi leikskólans. Hann ber ábyrgð á að móta öflugt og metnaðarfullt skólastarf þar sem lýðræðislegt samstarf, virðing og vellíðan allra eru í forgrunni. Leikskólastjóri leiðir þróun starfsins í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla, lög, reglugerðir og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags (Lög nr. 90/2008; Aðalnámskrá leikskóla, 2011; menntastefna Hafnarfjarðar, 2019 og mannauðsstefna, 2011). Hann ber jafnframt ábyrgð á að skapa faglegt og styðjandi starfsumhverfi þar sem hver og einn fær tækifæri til að efla hæfni sína og taka virkan þátt í stöðugri starfsþróun. Á sama tíma tryggir leikskólastjóri að börnin njóti náms og þjónustu sem mætir þörfum þeirra, með hagsmuni og velferð hvers og eins að leiðarljósi. Aðstoðarleikskólastjóri sinnir sama hlutverki og leikskólastjóri og er staðgengill í fjarveru hans.

Hlutverk sérkennslustjóra/tengiliðs farsældar

Sérkennslustjóri/tengiliður farsældar starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (Lög nr. 86/2021), Aðalnámskrá leikskóla og samþykktum sveitarfélagsins ásamt öðrum lögum er við eiga. Hann ber faglega ábyrgð á málefnum leikskólans er snúa að sérkennslumálum. Ber ábyrgð á stjórnun og skipulagi sérkennslu, uppeldis- og menntunargögnum, foreldrasamvinnu og ráðgjöf ásamt því að stuðla að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til barna með fötlun eða þroskafrávik.

Hlutverk deildarstjóra



- Deildarstjórar gegna lykilhlutverki í starfsemi leikskólans. Þeir leiða þróun mennta- og uppeldisstarfs og stuðla að öruggu, hvetjandi og nærandi námsumhverfi fyrir öll börn.

Deildarstjórar fylgjast með þróun og nýjungum í kennslufræðum og miðla þeirri þekkingu til annarra starfsmanna. Með því gegna þeir mikilvægu hlutverki í að efla faglegt starf og móta uppeldi og menntun í leikskólanum. Þeir bera ábyrgð á að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem hvert barn fær tækifæri til að njóta bernsku sinnar, þroskast og læra á eigin forsendum.

Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikur er þungamiðja leikskólastarfsins og helsta námsleið barna. Hlutverk leikskólakennara og starfsfólks er að styðja við leik barna með því að skapa fjölbreytt og sveigjanlegt námsumhverfi sem hvetur til sjálfsprottins leiks og að börn fái að þróa eigin hugmyndir. Mikilvægt er að leikurinn fái nægan tíma og rými og að starfsfólk sé næmt fyrir áhuga og frumkvæði barnanna. Gæði leiksins byggist meðal annars á virkri þátttöku og stuðningi fullorðinna, á fjölbreyttum og áhugaverðum efnivið og á því hvernig starfsfólk nýtir tækifæri til að efla leik barna með virkri hlustun, samræðu og hvetjandi viðmóti (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Sara M. Ólafsdóttir og Svava B. Mörk, 2024).

3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans

Leikurinn er kjarninn í hugmyndafræði og stefnu leikskólans en í gegnum hann læra börn á heiminn, sjálf sig og samskipti við aðra. Við vinnum út frá gildum eins og virðingu, samvinnu og trausti og mætum hverju barni á þeirra forsendum. Hér verður fjallað um nálgun okkar á leik og nám sem eru kennsluhættir sem styðja við þroska barna og snemmbæran stuðning í samvinnu við sérfræðinga og foreldra allt með það að markmiði að börn upplifi öryggi, gleði og inngildingu í leikskólasamfélaginu.

Leiðarljós leikskólastarfsins



Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og einstakt tímabil í lífi þess.

Hér hefst formleg menntun þar sem börnin læra, þroskast og móta sjálfsmynd sína í öruggu og hlýlegu umhverfi.

Í nánu samstarfi við foreldra leggjum við áherslu á að börnin fái að njóta bernsku sinnar í umhverfi þar sem **virðing, samvinna og traust** eru í fyrirrúmi.

Á Arnarbergi lærir barnið í gegnum leik, samskipti, umönnun, listir og hreyfingu. Við mætum hverju barni á eigin forsendum og styðjum það í að vaxa og dafna, með það að markmiði að það upplifi sig virt og sé metið þar sem það er statt. Leikurinn er hjarta daglegs starfs og í gegnum hann þroskast sköpunarhæfni, tengsl og sjálfsmynd barna á náttúrulegan hátt. Við leggjum áherslu á sjálfsprottinn leik þar sem börnin eru virkir þátttakendur sem skapa eigin reglur og móta eigin heim.

Með því að byggja á gildum eins og **virðingu, samvinnu og trausti** viljum við skapa umhverfi þar sem öll börn fá að njóta sín, finna að þau skipta máli og öðlast traustan grunn fyrir framtíðina



Við vinnum markvisst að því að skapa læsishvetjandi umhverfi undir einkunnarorðunum „**Læsi er leikur**“, þar sem læsi snýst ekki aðeins um orð heldur einnig um að lesa í og skilja tilfinningar, líðan og samskipti. Með þessu styrkjum við þátttöku, samkennd og jafnrétti innan leikskólasamfélagsins.

Leikskólinn okkar er lifandi samfélag þar sem börn, foreldrar og starfsfólk læra og vaxa saman. Við leggjum ríka áherslu á útivist og tengsl við náttúruna, þar sem börnin fá að upplifa frelsi, gleði og læra í náttúrulegu umhverfi.



*Fjölmargar
rannsóknir sýna
fram á að
regluleg tenging
við náttúruna
bætir
einbeitingu,
líðan og hefur
jákvæð áhrif á
andlega og
tílfínningalega
heilsu.*

Mynd 2 - Weir, K (2020).

Kennsluhættir leikskólans/Leikurinn

Kennsluaðferðir í leikskólastarfi byggja á traustri þekkingu sem hefur mótagast af áratugalöngum rannsóknum og sérfræðiþekkingu á þroska og námi barna. Þessi þekking styðst bæði við innlendar rannsóknir og alþjóðleg fræði og endurspeglast í fjölbreyttum aðferðum sem höfða til áhuga, þroska og þarfa barna.



Mikilvægi sjálfsprottins leiks


Sjálfsprottinn leikur er bæði tjáningarleið og námsferli, þar sem börn öðlast reynslu, styrkja félagsleg tengsl, æfa málnotkun og þróa sköpunargáfu.

Leikurinn er ekki aðeins afþreying eða viðbót við annað nám heldur er hann sjálft inntak náms í leikskóla.

Viðauki við Aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 2023 undirstrikar að leikurinn eigi að vera miðja alls náms í leikskólasterfi. Sjálfsprottinn leikur er eðlislægur börnum og lykillinn að því hvernig þau læra, þróa sig áfram, túlka heiminn og þróa hugmyndir.

Í gegnum leik öðlast börn mikilvæga reynslu, efla félagsfærni og þroskast á margvíslegan hátt. Leikurinn er því bæði **markmið og leið** í leikskólasterfi. Þá er lögð rík áhersla á sjálfsprottinn leik sem grunn að námi og þroska barna. Slíkur leikur á sér stað þegar börn hafa stjórn á leiknum, velja sér hlutverk og móta leikreglur. Leikurinn hjálpar þeim að vinna úr reynslu, efla félagsfærni, sköpun, málnotkun og sjálfsmynd.

Til að leikurinn blómstri þurfa börn nægan tíma, frelsi og rými. Starfsfólk styður börnin í leiknum án þess að stýra og skapa aðstæður þar sem leikurinn getur þróast á forsendum barnanna sjálfra. Leikur er sjálfvalin athöfn sem byggir á innri áhuga og hefur ekki fyrirfram ákveðin markmið. Þegar börn ráða ferðinni upplifa þau gleði, flæði og einbeitingu. Í gegnum leikinn setja þau sig í spor annarra, túlka heiminn og skapa eigin leikheim byggðan á reynslu og ímyndunarafli. Til að styðja við þennan leik þurfa kennarar að vera meðvitaðir um að hlusta, sýna traust og bjóða fjölbreyttan efnivið sem hvetur til skapandi og innihaldsríks leiks.



Sérfræðiþjónusta

Í leikskólanum leggjum við ríka áherslu á að bjóða börnum stuðning og sérkennslu sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum þeirra. Sérkennsla er þjónusta sem miðar að því að styðja við börn sem glíma við margs konar áskoranir, hvort sem þær tengjast fötun, þroska, hegðun, tilfinningalegum frávikum eða sérstökum aðstæðum.


Við störfum samkvæmt reglugerð nr. 444/2019 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla. Samkvæmt henni skulu sveitafélög tryggja að viðeigandi skólaþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla, hvort sem er með eigin sérfræðingum eða í gegnum þjónustusamning. Sveitafélögum ber að tryggja að þjónustan uppfylli öll lög og reglugerðir sem gilda á hverjum tíma.

Leikskólastjóra ber, í samvinnu við sérkennslustjóra, ábyrgð á því að sértækum þörfum barna sé mætt s.s. með starfsfólki sem sinnir einstaklingsmiðaðri þjónustu, ásamt því að hafa góða aðstöðu til slíkra starfa.

Brúin

Frá haustinu 2018 hefur

Hafnarfjarðabær þróað verklag fyrir leik- og grunnskóla sem gefið var heitið Brúin. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu innan og á milli þjónustukerfa og efla stuðning við hafnfirsk börn og fjölskyldur þeirra. Brúin er verkfæri sem leggur áherslu á snemmbæra þjónustu og virkjun viðeigandi úrræða í nærumhverfi barns með aðkomu brúarteymis hvers skóla. Í brúarteymi Arnarbergs sitja leikskólastjóri,



aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri/tengiliður farsældar og deildarstjórar þeirra barna sem til umræðu eru hverju sinni ásamt fulltrúum frá fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Brúin hefur eflt samvinnu fagfólks milli þessara sviða sem eykur meiri stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Brúarteymi fundar mánaðarlega, þar eru mál einstakra barna rædd sem við viljum auka þjónustu við ásamt speglunum og ráðgjöf um barnahópin í heild þegar svo ber við. Fyrir hvern brúarteymisfund kemur samráðsteymi Arnarbergs saman, í því sitja fulltrúar leikskólans sem jafnframt eru í brúarteymi.

Samráðsteymi fjallar um mál þeirra barna sem mögulega þurfa á stuðning að halda og tekur ákvörðun um næstu skref í vinnu innanhús eða hvort vísa skuli máli barnsins til umræðu í brúarteymi. Verklag Brúarinnar er í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældarbarna (nr. 86/2021) sem tóku gildi hér á landi þann 1. janúar 2022. Lögin hafa það að markmiði að stuðla að farsæld barna og boða breytingar í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Lögin varða öll börn og ungmenni frá 0-18 ára og taka til allra kerfa sem veita börnum þjónustu, hvort sem hún er veitt á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga. Við framkvæmd laganna skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Hafnarfjörður hefur skuldbundið sig til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem viðmið sáttmálans eru notuð í þjónustu við börn og ungmenni.

Viðhorfskannanir hafa sýnt að bæði starfsfólk og foreldrar eru ánægð með skýrt verklag Brúarinnar og telja að samvinna og þjónusta hafi skilað miklum ávinningi fyrir börnin og fjölskyldur þeirra (Hafnarfjarðarbær, e.d). Frekari upplýsingar um farsæld barna má finna á vefslóðinni <https://www.farsaeldbarna.is/>.

Sérkennsla í okkar leikskóla

Við skólann starfar sérkennslustjóri sem ber faglega ábyrgð á málefnum leikskólans er snúa að sérkennslumálum. Þar ber að nefna stjórnun og skipulag sérkennslu, umsjón með uppeldis- og námsgögnum, úrvinnslu skimunarlista, gerðir einstaklingsnámsskráa, foreldrasamvinnu og ráðgjöf, ásamt samskiptum við sérfræðinga og aðra utanaðkomandi ráðgjafa. Sérkennslustjóri vinnur náið með deildarstjórum og stuðningsfulltrúum. Það fer eftir þörfum hverju sinni hversu margir starfsmenn sinna sérkennslu, lögð er áhersla á að mæta þörfum barnanna þar sem þau eru stödd, með virðingu, skilning og fagmennsku í fyrirrúmi.



Markmið okkar er að öll börn fái að njóta sín á eigin forsendum innan hópsins og að styrkja þau á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Í sérkennslu er mikilvægt að hafa, góða yfirsýn, gott skipulag og virkt samráð, slík vinna styrkir bæði börn í sínu þroskaferli og starfsfólk í sínu starfi. Starfsfólk leikskólans ber að vera vakandi fyrir helstu þroskaþáttum innan barnahópsins, deildarstjórar bera ábyrgð á að vera með yfirsýn og eftirfylgni. Fjölbreytt úrræði eru nýtt og aðlöguð að þörfum hvers barns, má þar nefna atferlisþjálfun, ýmiskonar málörvun, tákni með tali, stuðning við félags- og/eða

leikfærni og ýmsar leiðir til að styðja við hreyfiþroska. Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir börn sem þurfa sérkennslu eða sérfræðipjónustu, mikilvægt er að þær greini frá skýrum markmiðum og leiðum til að ná þeim.



Við leggjum mikla áherslu á að öll börn séu hluti af barnahópnum og styðjum við tengslamyndun, félags- og samskiptafærni ef á þarf að halda. Þannig skilum við sjálfstæðari og sterkari einstaklingum út í lífið.

4. Grunnþættir menntunar

Aðalnámskrá leikskóla (2011) byggir á 6 grunnþáttum menntunar, þeir eru m.a. samtvinnuðir íslenskri löggjöf (Lög um leikskóla 90/2008), Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna (1998) og öðrum löggjöfum og stefnum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja. Grunnþættir menntunar eru leiðarljós alls leikskólastarfs og mynda þau mikilvægan ramma utan um uppeldi, nám og þroska barna. Þeir snúast um læsi á samfélag, menningu, náttúru og umhverfi með það að markmiði að börn byggji upp sterka sjálfsmynd, þrói með sér samskiptahæfni og læri að vera virkir, ábyrgir og sjálfstæðir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Í gegnum leik, skapandi starf og samskipti öðlast börn reynslu og færni sem styður þau í átt að ofangreindum markmiðum.



Grunnpættirnir eru rauður þráður í öllu starfi leikskólans og eiga að vera sýnilegir. Þeir byggja einnig á fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi innan leikskólanna. Með því að vinna með grunnpættina á markvissan hátt er lagður grunnur að lífsgæðum barna, framtíðarsýn og getu þeirra til að hafa áhrif á eigið líf og samfélagið í heild (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að öll börn fái að blómstra á eigin forsendum og læri að lifa ábyrgu lífi í anda virðingar, skilnings og réttlætis.



Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem allir eiga jafnan rétt og tækifæri óháð aldri, kyni, fötlun, uppruna, tungumáli, búsetu eða öðrum þáttum sem einkenna fjölbreytileika mannlífsins.

Í skólastarfinu er mikilvægt að ræða hvað mismunun og forréttindi þýða, hvernig þau birtast í samfélaginu og hvernig við getum stuðlað að meiri jöfnuði. Í slíka umræðu er hægt að nýta þekkingu úr fræðigreinum eins og kynjafræði, fjölmennningarfræði og hinseginfræði til að dýpka skilning og byggja upp réttlátara samfélag (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Jafnrétti í leikskólastarfinu

Jafnrétti á að endurspeglast í öllu starfi leikskólans hvort sem er í kennslu, samskiptum eða leik barnanna. Börnin læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, læra um mismunandi lífsskilyrði og fá rými til að tjá sig, spyrja og velta upp hugmyndum sínum um samfélagið sem þau tilheyra. Við vinnum markvisst að því að skapa aðstæður þar sem inngilding er í fyrirrúmi, þar sem hvert barn fær að njóta sín og þroskast á eigin forsendum, óháð aldri, kyni, uppruna, trú, líkamlegu atgervi eða öðrum þáttum sem endurspegla fjölbreytileika mannlífsins. Við leggjum áherslu á að skólinn sé án aðgreiningar, þar sem öllum börnum eru

veitt jöfn tækifæri til þátttöku og náms. Jafnframt er mikilvægt að vekja fólk til meðvitundar um fjölbreytileika samfélagsins og hvernig við getum mætt ólíkum einstaklingum af virðingu og opnum huga.

Við mætum börnunum þar sem þau eru stödd í þroska og styðjum þau í að efla hæfileika sína og taka virkan þátt í leik og námi. Við lítum á börn sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga sem eiga rétt á að tjá sig, taka þátt í ákvörðunum og upplifa lýðræðislegt og hvetjandi skólastarf. Því þarf námsumhverfið að vera öruggt og vinalegt svo börn upplifi að þau tilheyri, öðlist sjálfstraust og líði vel. Við leggjum áherslu á að skapa jöfn tækifæri fyrir öll börn til að læra hvert af öðru og deila eigin reynslu, menningu og þekkingu. Markmiðið er að byggja upp ábyrga og umhyggjusama einstaklinga sem skilja gildi jafnréttis og mannréttinda.

Sama gildir um starfsfólk leikskólans. Við vinnum markvisst að því að jafnréttissjónarmið endurspeglar í allri starfsemi, meðal annars með virkri jafnréttisstefnu sem er reglulega endurskoðuð og styður þá framtíðarsýn að allt leikskólasamfélagið, bæði börn sem fullorðnir, njóti virðingar, sanngirni og jafnræðis.

Læsi

Í gegnum tíðina hefur hugtakið læsi verið skilgreint sem hæfni til að færa hugsanir sínar í letur (ritun) og túlka ritað mál (lestur). Þetta hefur aðallega beinst að prentmálinu sem táknkerfi og þeim menningarlegu tjáskiptaformum sem því fylgja. Skilningur okkar á læsi hefur hins vegar tekið breytingum í árunna rás og er engan veginn fastmótaður, enda greinir fræðimenn á um nákvæma skilgreiningu þess.

Læsi er í
grundvallaratriðum
félagslegt fyrirbæri sem
byggir á sameiginlegum
skilningi fólks á
tungumáli og
merkingarsköpun
innan samfélagsins.



Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast eða beitt óháð stað og stund, menningu og gildum (Aðalnámsskrá, 2011).

Læsi í leikskólastarfinu

Einkunnarorð Arnarbergs „Læsi er leikur“ eru mjög lýsandi fyrir vinnu okkar með börnunum í að örva málproska þeirra. Læsishvetjandi leikskólastarf hefur verið rauður þráður í okkar starfi frá árinu 2008. Lögð er áhersla á að börn hafi ávallt aðgang að bókum og ritföngum á deildum, ásamt því að þau geti haft næði við að lesa/skoða bækur. Börnum er kennt frá unga aldri að umgangast bækur með virðingu og fara vel með þær. Ritmál og bókstafir eru jafnframt höfð sýnileg sem eykur áhuga og tengingu barnanna við íslenskuna. Á hverri deild er lesið fyrir hópinn a.m.k. einu sinni á dag og tækifæri gripin til umræðu þegar börnin eru sjálf að skoða bækur. Í hvíld í hádeginu hjá þeim börnum sem sofa ekki er oftast hlustað á sögu í lágstemmdu umhverfi. Starfsfólk er meðvitað um að taka út orð úr sögum og söngvum og útskýra fyrir börnunum. Almenn málörvun fer jöfnum höndum fram á öllum deildum, þar sem starfsfólk er meðvitað um að setja orð á alla hluti og athafnir í daglegu lífi, skapa tækifæri til umræðna og ýta undir tjáskipti barnanna.

Börn í tveim elstu árgöngunum fara reglulega í heimsókn á bókasafn Hafnarfjarðar. Þar fá þau að kynna safninu, skoða bækur og einnig býður starfsfólk safnsins upp á lifandi og skemmtilegar sögustundir.



Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem miðar að því að örva máltöku og hljóðanám barna. Í gegnum söng, sögur og leik. Á Arnarbergi vinna öll börn daglega með Lubbahljóð vikunnar með tilliti til getu og þroska. Auðvelt er að spinna vinnu með Lubba inn í allt sem dagurinn býður uppá, finna hluti og orð í umhverfinu og leika með tungumálið. Mikil áhersla er lögð á vinnu með hljóðkerfisvitund barna, þannig stuðlum við að aukinni tilfinningu barnanna fyrir íslenskri tungu og byrjendalæsi sem undirbýr þau fyrir frekara lestarnám. Áherslupættir okkar í hljóðkerfisvinnu eru rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Hér er hlekkur á [heimasíðu Lubba verkefnisins](#).



Heilbrigði og velferð



Heilbrigði er nauðsynlegt veganesti í gegnum lífið, því er mikilvægt að byrja snemma að tileinka sér lífstíl og hugsjón sem ýtir undir heilbriggt líferni.

Heilbrigði nær ekki einungis til líkamlegrar heilsu heldur einnig andlegrar og félagslegrar vellíðunar. Aðalnámskrá leikskóla (2011) leggur áherslu á að allt leikskólastarf stuðli að

heilbrigði og velferð barna, enda verja þau stórum hluta dagsins í leikskólanum. Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra, trú þeirra á eigin hæfni og áhuga á að takast á við viðfangsefni. Því er mikilvægt að skapað sé öruggt og jákvætt umhverfi sem eflir og gerir börnin meðvitaðri um hvað sé heilbrigði og þar sem sérhvert barn fær tækifæri til að dafna á eigin forsendum

Aðalnámskrá (2011) greinir frá helstu áherslupáttum í tengslum við heilbrigðisumfjöllun leikskólabarna má þar nefna jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Skólastarf á að efla þroska barna, stuðla að heilbrigðum lífsstíl og bjóða þeim fjölbreyttar leiðir til að öðlast jákvæða sjálfsmynd og vellíðan.

Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Arnarberg er heilsueflandi leikskóli sem tekur þátt í heildstæðu verkefni á vegum embættis landlæknis. Það felur í sér að leikskólinn leggur áherslu á að stuðla að góðri heilsu og vellíðan allra, bæði barna og starfsfólks og er stöðugt að þróa starf sitt í þá átt. Heilsuefling er samofin daglegu starfi og birtist í umhyggju fyrir líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð.



Hlekkur á [heilsueflandi leikskóla](#)

Með það í huga vinnum við markvisst að því að skapa börnunum heilnæmt og hlýlegt umhverfi þar sem þau upplifa vellíðan og fá tækifæri til að vaxa og þroskast á eigin forsendum. Við leggjum áherslu á góð tengsl, umhyggju og öryggi sem og að hvert barn finni að það skipti máli og tilheyri hópnum.

Hreyfing skipar mikilvægan sess í daglegu starfi leikskólans, hvort sem er í frjálsum leik eða skipulagðri hreyfingu, jafnt innandyrna sem úti. Útivist er stór hluti af okkar starfi og við nýtum nærumhverfið til fjölbreyttra leikja og könnunar ásamt því að við leitum leiða til að

Á öllum deildum er unnið að því að skapa rólegt umhverfi og börnunum kenndar leiðir til að staldra við, hvíla hugann og hlusta á líkama sinn.



gera útivistina ögrandi, krefjandi og lærdómsríka sem örvar bæði líkama og sál.

Börnin fá fræðslu og leiðsögn um hreyfingu, hollt mataræði, hreinlæti og mikilvægi hvíldar, með það að markmiði að börnin tileinki sér góða lífshætti. Börnin eru hvött til að smakka fjölbreytta fæðu og hvött til vatnsdrykkju með hægu aðgengi að sínum eigin vatnsbrúsa.

Við ræðum opinskátt um tilfinningar og leggjum áherslu á félagsfærni og góð samskipti meðal annars með stuðningi verkfæra eins og vinaverkefni Blæs, Stig af stigi og bókum sem snúa að tilfinningum og tilfinningalæsi. Við grípum atvik í daglegu lífi barnanna og sköpum umræðu hvernig við getum tekist á við það sem upp kemur. Með virku samstarfi við heimili og með góðri samvinnu í barnahópnum styðjum við börnin í að mynda jákvæða sjálfsmynd, rækta vináttu og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi.

Hlekkur á [vinaverkefni barnaheilla](#)



Sjálfbærni



Markmið sjálfbærnimenntunar er að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, samfélaginu og hvert öðru, með það að leiðarljósi að vernda og rækta það sem þau munu erfa, bæði fyrir nútíð og framtíð. Sjálfbærni byggir á þeirri hugsjón að við skilum umhverfinu til næstu kynslóða í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því. Það felur í sér að börn læri að þau geta haft áhrif með því að axla ábyrgð á eigin gjörðum (Barnaheill e.d).

Með þetta að leiðarljósi er leikskólastarfið byggt á forvitni og áhugasviðum barnanna. Þau eru hvött til að spyrja spurninga, skoða náttúruna, tengja saman orsakir og afleiðingar og leita lausna á einföldum vandamálum. Í þeirri vegferð læra börnin að smáar athafnir geta haft mikil áhrif og að þátttaka þeirra skiptir máli. Með þessu er lagður grunnur að meðvitaðri, ábyrgri og virkri þátttöku þeirra í samfélaginu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Á leikskólanum ræðum við áhrif mannsins á náttúruna, stuðlum að lýðræðislegum vinnubrögðum og leggjum áherslu á jöfnuð milli og innan kynslóða. Með þessu móti fá börnin að tileinka sér grunnþætti sjálfbærrar menntunar og verða meðvitaðir þátttakendur í mótun eigin samfélags (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Eitt af mikilvægustu hlutverkum

leikskólans er að veita börnum tækifæri til að kynnst umhverfi sínu, rannsaka það og skilja heiminn í kringum sig. Á Arnarbergi nýtum við fjölbreytt náttúrulegt umhverfi okkar til að skapa innihaldsríka reynslu og örva forvitni barnanna.

Börnin fá að kanna, snerta, hlusta, bera saman og skoða eða með öðrum orðum; börnin læra í gagnvirkum samskiptum við nærsamfélag sitt og náttúru, í anda hugmyndafræði John Dewey sem sagði:

Börn læra
með því að
framkvæma



Með þessari nálgun byggjum við á þeirri sýn að reynsla sé grunnur að virkni, sem felur í sér bæði athöfn og afleiðingu.

Við leggjum áherslu á að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og þykja vænt um umhverfið. Með því að flokka, endurnýta, vekja þau til umhugsunar um matarsóun og huga að vistspori nærsamfélagsins stuðlum við að sjálfbærni í hinu daglega starfi. Sjálfbær þróun á sér aðeins stað innan þeirra marka sem vistkerfi jarðar setur, því er mikilvægt að börn öðlist skilning á ferlum, hringrásum og takmörkunum náttúrunnar. Í anda menntunar til sjálfbærni tengjum við saman umhverfis-, samfélags- og efnahagslega þætti og kennum börnum að líta til framtíðar með ábyrgð og virðingu.

Sköpun

Leikur og sköpun eru nátengd ferli sem styðja hvort annað og gegna lykilhlutverki í þroska barna í leikskóla. Í leik endurskapa börn eigin reynslu, túlka umhverfi sitt á nýjan hátt og móta þannig skilning sinn á heiminum. Þannig verða þau virkir þátttakendur í eigin námi þar sem ímyndunarafl, forvitni og gagnrýnin hugsun fá að njóta sín.

Sköpun í leikskólastarfi byggir á því sem börnin eru að fást við hverju sinni og tengist áhuga þeirra og reynslu. Hún felur í sér að tengja fyrri reynslu við ný áreiti, þróa hugmyndir og móta nýja þekkingu.



Sköpunin nær langt út fyrir hefðbundna listsköpun þar sem hún snýst ekki bara um að lita, klippa eða líma, heldur að sjá möguleika, takast á við áskoranir og þroska sjálfstæða hugsun.

Í gegnum leik og sköpun fá börn tækifæri til að tjá sig á eigin forsendum, prófa sig áfram og öðlast trú á eigin getu. Ferlið sjálft, að spyrja, prófa, uppgötva og finna lausnir, er oft mikilvægara en lokaútkoman. Með þessa þætti að leiðarljósi í sköpum styrkist bæði námsgleði og vellíðan barnanna.


Til að sköpun fái að blómstra þurfa börn nægan og samfelldan tíma, sveigjanlegt skipulag og aðgang að fjölbreyttum og opnum efnivið. Slík skilyrði styðja við sjálfsprottinn leik og frumkvæði og stuðla á fjölbreyttan hátt að vitsmunalegum, tilfinningalegum, félagslegum og fagurfræðilegum þroska.

Markmið sköpunar í leikskóla er að ferlið veki forvitni barnanna, styrki sjálfstraust þeirra og efli virðingu fyrir eigin tjáningu. Þelur í sér er að ferlið vekur, hjá börnum, forvitni, styrkir sjálfstraust og eflir virðingu fyrir eigin tjáningu. Í slíku umhverfi fá börn að vera þau sjálf, byggja upp sterka sjálfsmynd og vaxa sem virkir og meðvitaðir þátttakendur í samfélagi framtíðarinnar.

Sköpun í leikskólastarfinu

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig á skapandi hátt. Í leikskólanum er því lögð mikil áhersla á að skapa fjölbreytt tækifæri og aðstæður þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín í leik og starfi. Með fjölbreyttum efniviði og verkefnum sem kveikja áhuga og örva ímyndunarafli svo og með svigrúmi fyrir frumkvæði eflum við skapandi hugsun barnanna.

Hér er það ferlið sjálft skiptir mestu máli og mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að tjá hugmyndir, tilfinningar og upplifanir á eigin forsendum.



Börnin eru hvött til
að prófa sig áfram,
spyrja spurninga,
gera tilraunir og
leita svara.

Í skapandi starfi er margvísleg tjáning í forgrunni, s.s. myndsköpun, tónlist, hreyfing, dans, leikræn tjáning, samvinna og sjálfsprottinn leikur.

Menning er samofin öllu leikskólastarfi, þar sem börnin taka þátt í að móta menningu skólans með því að lesa bækur, syngja, taka þátt í hátíðum og viðburðum og upplifa listir á

fjölbreyttan hátt. Við heimsækjum söfn og menningarstofnanir og tengjum verkefnið við nærumhverfið þar sem börnin kynnast fólki, staðháttum og menningu á lifandi hátt.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og mannréttindi eru grunnstoðir í okkar samfélagi, því er það mikilvægur þáttur í daglegu leikskólastarfi að skapa umræður og útskýra mikilvægi þessara þátta. Með því læra börnin að samábyrgð, meðvitund og virkni hvers og eins í eigin samfélagi, mótast þær og hefur áhrif nær og fjær. Réttindi eru grunnstoðir leikskólastarfs og mikilvægur þáttur í að efla börn sem virka þátttakendur í samfélaginu. Í leikskólum er lögð áhersla á að skapa menningu sem byggir á virðingu, réttlæti og jöfnum tækifærum, þar sem börn læra um lýðræði með því að taka þátt í daglegu starfi, tjá sig, hlusta á aðra og finna að skoðanir þeirra skipta máli.

Þau eiga að fá að taka þátt í umræðum og ákvörðunum í samræmi við aldur og þroska, með slíkri nálgun þróa þau með sér sjálfsmynd, virðingu fyrir fjölbreytileika og trú á eigin áhrifamátt.



Þannig fléttast gildi lýðræðis og mannréttinda inn í allt leikskólastarf. Í gegnum samskipti, leik, nám og samstarf við fjölskyldur og nærumhverfi er lagður grunnur að samfélagi framtíðarinnar þar sem rödd allra heyrir og allir fá að njóta sín (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu

Við leggjum sérstaka áherslu á að börnin upplifi lýðræði í verki með því að þau finni að þau tilheyra samfélagi þar sem virðing, samkennd og jöfnuður eru leiðarljós í öllu starfi og leik. Við viljum að hvert barn upplifi að það hafi rödd og að sú rödd skipti máli. Í daglegu starfi fá börnin tækifæri til að tjá sig, taka þátt í ákvörðunum, hlusta á aðra og upplifa að þau hafi áhrif á umhverfi sitt. Með þessu stuðlum við að sterkri sjálfsmynd og trú á eigin áhrifamátt.

Unnið er markvisst að því að efla félagsfærni og tilfinningalæsi barna sem eru lykilþættir í lýðræðismenntun. Þegar börn læra að lesa í tilfinningar, aðstæður og byggja upp skilning á samhengi gjörða og afleiðinga, eflist færni þeirra til að sýna öðrum virðingu, ábyrgð og samkennd. Einkunnarorð okkar, *Læsi er leikur*, endurspeglar þessa nálgun þar sem læsi snýst ekki eingöngu um orð og bókstafi heldur líka um að lesa í umhverfi sitt, s.s. í líðan, félagsleg samskipti og aðstæður.

Okkar markmið er að skapa hlýlegt og fjölbreytt skólasamfélag þar sem börn læra að fagna ólíkum bakgrunni og skoðunum, temja sér víðsýni og taka þátt í samræðum og samvinnu þar sem mismunandi sjónarmið eru virt. Í samstarfi við foreldra og nærumhverfi leggjum við grunn að samfélagi þar sem öll börn finna til samstöðu, hafa áhrif og öðlast dýrmæta reynslu af lýðræðislegum vinnubrögðum. Með því að vinna út frá þessum gildum viljum við styðja börnin í að verða virkir, ábyrgir og meðvitaðir þátttakendur í samfélaginu. Að þau verði einstaklingar sem kunna að hugsa gagnrýnið, sýna tillitssemi og bera virðingu fyrir sér og öðrum.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf



Í leikskólanum er námið samþætt þannig að leikur, samskipti, sköpun og daglegar athafnir fléttast saman í eðlilegu og náttúrulegu flæði. Börn læra í gagnvirku samspili við umhverfi sitt, bæði innan dyra sem utan, þar fá þau að tjá sig, prófa hugmyndir, tengja nýja reynslu við fyrri þekkingu og dýpka skilning sinn. Leikurinn er þar kjarninn og veitir börnum frelsi, gleði og nám við hæfi.



Leikurinn í samþættu námi

Þegar börn leika sér mætast oft margar þættir í einni athöfn, svo sem sköpun, læsi, sjálfbærni og félagsleg samskipti.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) byggist leikskólanám á fjórum námssviðum og sex grunnþáttum menntunar. Þeir eru samofnir daglegu starfi og styðja við þroska og velferð hvers barns, með hliðsjón af aldri, þroska og félagslegum aðstæðum.

Lögð er áhersla á að skapa hvetjandi, fjölbreytt og aðgengilegt námsumhverfi þar sem börn fá að spyrja, kanna og taka virkan þátt í eigin námi.



Slíkt umhverfi styður við sjálfstæði, frumkvæði, sköpunargáfu og tilfinningaþroska, svo og hjálpar börnum að þróa með sér jákvæða sjálfsmynd og aukna færni. Einkunnarorðin okkar, „Læsi er leikur“, endurspeglar þessa sýn: læsi í víðu samhengi þar sem börnin lesa í umhverfi sitt, líkama, tilfinningar og samskipti en eru ekki aðeins orð á blaði. Með þessari nálgun verður námið ánægjuleg reynsla sem kveikir áhuga, eykur skilning og styður við heildrænan þroska hvers barns.

Læsi og samskipti

Við leggjum mikið upp úr því að börn og fullorðnir koma fram við aðra af virðingu og hafi samkennd með samferðafólki sínu. Við erum meðvituð um að nýta hverja stund í leik og starfi til að þroska og auðga íslenskt tungumál barnanna, leggja orð á allt sem fyrir augu og eyru ber og leika með tungumálið. Með þessum áherslum þá skilum við sterkari einstaklingum út í samfélagið þar sem að góð samskipti eru grunnur að farsælu samstarfi og heilbrigðum tengslum milli fólks. Þau stuðla að gagnkvæmum skilningi, trausti og virðingu sem eru nauðsynleg í öllum mannlegum samskiptum, hvort sem er í einkalífi, vinnuumhverfi

eða samfélaginu í heild. Samskipti fela þó ekki aðeins í sér orð því tjáning fer einnig fram í gegnum ýmis hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans.

Mikilvægt er allir fái svigrúm til tjáningar hvort sem er með talmáli eða öðrum ofangreindum tjáningarformum. Að hafa les- og ritmál aðgengilegt og nálgast það með fjölbreyttum hætti eykur færni barna til að lesa sér til gagns og gamans, sem leggur mikilvægan grunn að frekara námi í gegnum lífsleiðina. Við styrkjum börnin í að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti, að vera opin fyrir að tjá upplifun, reynslu og skoðanir í gegnum leik og samræður þar sem hugmyndaríki einstaklings fær að njóta sín. Starfsfólkið er ávallt til staðar í leik og starfi barnanna með það að markmikið að styðja við þau ef á þarf að halda, skapa grundvöll fyrir gagnrýna hugsun og spurningar með samtali og opnu leikefni.

Heilbrigði og vellíðan

Heilsuefning er samofin daglegu starfi og birtist hún í umhyggju fyrir líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð.



Í daglegu starfi kennum við börnunum hreinlæti, þar sem áhersla er lögð á handþvott eftir útiveru og salernisferðir og hreinlæti við matarborðið s.s. með notkun áhalda. Börnin njóta fjölbreyttrar hreyfingar, fara að lágmarki einu sinni á dag í útiveru, fara í gönguferðir/vettvangsferðir, fá skipulagða og frjálsa hreyfingu í Bjarkarhúsinu og sal skólans. Jafnframt kennum við börnunum leiðir til að hlusta á líkama og sál og skapa ró innra með sér svo og í umhverfi sínu. Við leggjum mikla áherslu á setja orð á og ræða tilfinningar okkar og

annarra með skírskotun í daglegt líf í leikskólanum. Við matarborðið eru börnin hvött til að smakka allt sem í boði er, umræða um mikilvægi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat er spunnin inn í matmálstímana. Við gerum heilbrigði og vellíðan enn hærra undir höfði á ákveðnum dögum, þar fá börnin m.a. að tjá sína sýn á þessa þætti í sköpun og leik. Við tengjum þessa mikilvægu umræðu heim m.a. með ávaxta/grænmetisviku þar sem börnin mega koma með ávexti eða grænmeti að heiman til umræðu og smakks. Við teljum mikilvægt að börnin tileinki sér meðvitund um heilbriggt líferni frá unga aldri með það að markmiði að sú þekking fylgi þeim um ókomna tíð.

Sjálfbærni og vísindi

Við leggjum mikið upp úr virðingu við okkur sjálf, aðra og umhverfi okkar. Börnunum er kennt að nálgast umhverfið af nærgætni og virðingu.

Kennum börnum að
þykja vænt um
náttúruna
því það sem manni
þykir vænt um það
verndar maður



Börnin taka þátt í að flokka og ganga frá eftir sig ásamt því að halda umhverfinu okkar snyrtilegu sem sagt með því að plokka rusl. Endurnýting ýmiskonar hluta kemur sterkt fram í sköpun og leik barnanna. Trjágrein sem brotnar út í garði getur orðið að fljúgandi kústi eða listaverki eða hverju sem barninu dettur í hug. Umhverfi Arnarbergs gerir börnunum kleift að kynnast margbreytilegri og krefjandi náttúru sem sagt fjölbreyttum gróðri, hrauni, klettum, gjótum. Við erum vel staðsett til ýmissar könnunnar, má þar nefna Lækinn, Hellisgerði og Víðistaðatún. Börnin fá tækifæri til að fylgjast með árstíðabundnum breytingum náttúrunnar, sjá líf vakna og sofna og kynnast litrófi náttúrunnar. Hjá flestum börnum er forvitni eðlislæg en mikilvægt er að styðja við og skapa aðstæður sem ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna, ásamt því að hvetja þau til að spyrja spurninga og vera lausnamiðuð.

Starfsfólk er meðvitað um að grípa tækifærin sem gefast í daglegu lífi til umræðu og vangavelta, sem dæmi hvað verður um lírfurnar í trjánum, hvar búa ánamaðkarnir, hvað gerist þegar við hellum á milli misstórra íláta, hvaðan kemur rigningin o.s.frv. Með slíkum umræðum þroskast jafnframt vísindaleg hugsun, þar sem tengsl, orsök og afleiðing eru í hávegum höfð. Vísindi eru alls staðar og því auðvelt að nálgast þau hvar og hvenær sem er, sem dæmi æfum við okkur að telja og reikna, veltum fyrir okkur formum og mynstrum, veðrinu og lífverum. Út frá öllum þessum þáttum spinnist þekking á fjölbreyttum hugtökum og færni til að umgangast náttúruna. Veður og vangaveltur um það er stór þáttur í íslenskrí menningu enda margt sem þarf að hafa í huga því tengdu hér á landi, börnin á Arnarbergi fá tækifæri til velta fyrir sér veðrinu og hvernig best sé að klæðast með tilliti til þess.

Sköpun og menning

Þótt við séum með fyrir fram ákveðnar kveikjur að verkefnum fyrir börnin þá leggjum við áherslu á að barnið ráði ferðinni þegar það skapar, hvort sem sköpunin sé í leik eða námi. Við reynum alltaf að vera meðvituð um að leyfa hugmyndaflæði barnanna að njóta sín í verkefnavinnu, með það að markmiði að þau upplifi ferlið á skemmtilegan, fjölbreyttan og skapandi hátt. Með ímyndunaraflinu opnast barninu óteljandi möguleikar, því er mikilvægt að það fái svigrúm til að skapa á eigin forsendum. Mikilvægt er að bjóða fjölbreyttan og opinn efnivið og að starfsfólk styðji við hugmyndsköpun barnanna.



Við veitum börnum
tækifæri til að
upplifa og taka
þátt í menningu
með virkri
þátttöku í
hátíðum,
verkefnum og
viðburðum sem eru
í gangi í
nærumhverfinu.

Menning er samofin daglegu starfi þar sem bæði innviðir leikskólans og nærumhverfi eru nýtt til að kynna listir og samfélagslega viðburði. Við stuðlum að menningarlegri þátttöku með leikrænni tjáningu, sögum, söngvum og hefðum sem endurspeгла íslenska og fjölbreytta menningu barnanna.

6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn




Okkar sýn er sú
að þegar heimili
og leikskóli vinna
saman í anda
virðingar
samvinnu og
trausts skapist
öruggt og
nærandi umhverfi
þar sem börn fá
að blómstra í leik
og námi.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og 9. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla er samstarf við foreldra og forráðamenn einn af hornsteinum leikskólastarfs.

Mikilvægt er að foreldrar upplifi sig sem virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu og að samskipti við leikskólann einkennist af trausti, virðingu og opnum tengslum. Foreldrasamtöl og dagleg samskipti, til dæmis við komu og brottför, eru dýrmæt tækifæri til að miðla upplýsingum sem styðja við barnið. Í slíkum samtölum mótast sameiginleg sýn á stöðu og velferð barnsins, sem stuðlar að samfellu milli heimilis og leikskóla og styrkir tengslin.

Við leggjum áherslu á að foreldrar hafi greiðan aðgang að skýrum og aðgengilegum upplýsingum um starf leikskólans og námsferli barnsins. Þannig geta þeir fylgst með, skilið samhengi og tekið virkan þátt í námi þess. Til þess nýtum við fjölbreytta miðla eins og tölvupósta, föstudagspósta, upplýsingar í sjónvörpum í fataklefum, sem og myndir úr daglegu starfi. Við viljum einnig efla tengsl fjölskyldna og leikskólans með sameiginlegum viðburðum, þar sem börn fá að kynna leikskólann sinn og deila eigin reynslu. Slíkar

samverustundir dýpka tengslin og auka skilning fjölskyldna á daglegu lífi barnsins í leikskólastarfinu.



Foreldrasamtöl

Fjölskyldur og forráðamenn barnanna eru ávallt velkomnir í samtal ef þeir óska. Formleg foreldrasamtöl eru árlega, að vori, þar sem deildarstjóri boðar til fundar þar sem ítarlega er fjallað um líðan, þroska og nám barnsins. Þessi samtöl eru mikilvægur vettvangur fyrir bæði foreldra og starfsfólk til að miðla upplýsingum, endurspegla styrkleika barnsins og ræða hvernig best megi styðja við þroska þess og velferð. Einnig gefur þessi vettvangur báðum aðilum kjörið tækifæri til að koma með hugmyndir, spurningar og viðra væntingar, sem styrkir tengslin milli heimilis og leikskóla.

Foreldrasamtölin veita okkur jafnframt dýrmætt tækifæri til að kynnast fjölskyldum barnanna betur, öðlast innsýn í fjölbreytileika þeirra og skilja ólík sjónarmið, menningu og óskir. Á sama tíma er mikilvægt að foreldrar fái skýra mynd af menningu, gildum og starfsháttum leikskólans, svo að þeir geti öðlast betri skilning á því hvernig starf okkar er ávallt unnið með velferð barnsins að leiðarljósi.



Okkur er það mikið í mun að foreldrar upplifi að við séum ávallt tilbúin til að hlusta og spjalla um hagi barnsins, hvort sem er í dagsins önn eða með formlegri hætti með fyrirfram skipulögðu viðtali.



Samstarf heimilis og leikskóla

Samstarf heimilis og leikskóla er ein af grunnstoðum farsællar leikskólagöngu. Við leggjum ríka áherslu á að samskipti við foreldra og fjölskyldur barnanna séu byggð á gagnkvæmu trausti, virðingu og opnum tengslum. Í leikskólanum okkar viljum við bjóða foreldra velkomna, hlusta á sjónarmið þeirra og byggja með þeim samstarf þar sem velferð og þroski barnsins er alltaf í fyrirrúmi.

Við trúum því að þegar foreldrar og starfsfólk vinna saman að sameiginlegu markmiði, sem er alltaf velferð barnsins, þá aukist verulega líkurnar á að leikskólagangan verði bæði örugg og gleðileg. **Virðing, samvinna og traust** eru lykilatriði í að skapa umhverfi þar sem hvert barn fær að þroskast á eigin forsendum, með stuðningi frá fólkinu sem því þykir vænst um, bæði heima og í leikskólanum. Dagleg samskipti eru mikilvægur þáttur í þessu samstarfi. Þegar foreldrar koma með eða sækja börnin sín skapast gott tækifæri til að ræða líðan barnsins, deila upplýsingum og efla gagnkvæmt traust. Boðið er upp á foreldrafundi, einstaklingssamtöl og sameiginlega viðburði sem styrkja tengsl og dýpka skilning allra á hvert hlutverk leikskólans er í lífi barnsins.

Foreldraráð

Foreldraráð er skipað foreldrum og starfar samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslufirvalda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig hefur ráðið umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana, auk þess að taka þátt í að kynna þær fyrir öðrum foreldrum. Ráðið er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast með starfi leikskólans, koma með hugmyndir og hafa áhrif á þróun og framvindu skólastarfsins. Í ráðið er kosið árlega að hausti og er það mikilvægur hluti af lýðræðislegu og opnu samstarfi leikskóla og heimila.

Foreldrafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er foreldrafélagið mikilvægur tengiliður á milli leikskólans og heimilis. Félagið gegnir því mikilvægu og virku hlutverki í lífi leikskóla-samfélagsins. Kosið er til tveggja ára í senn og er félagið jafnframt aðili að Foreldrafélagi leikskóla í Hafnarfirði. Félagið stuðlar að jákvæðri samveru, samheldni og öflugri samvinnu milli foreldra, barna og starfsfólks. Það stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum og verkefnum sem styrkja tengsl og skapa nærandi og jákvætt andrúmsloft innan leikskólans.



Foreldrafélagið vinnur í anda samfélagslegrar þátttöku þar sem foreldrar leggja sitt af mörkum til að styðja við samstarf leikskólans og fjölskyldna. Við hvetjum alla foreldra til að taka þátt í starfi félagsins, því með sameiginlegu átaki og góðri samvinnu sköpum við sterkari heild og betri leikskóla fyrir börnin okkar.

7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Leikskólinn sem fyrsta skólastig gegnir lykilhlutverki í að skapa samfellu í skólagöngu barna. Sú reynsla og þekking sem börnin tileinka sér í leikskólanum nýtist þeim á næsta skólastigi og því er mikilvægt að byggja upp traust og markvisst samstarf milli leik- og grunnskóla. Þegar aðlögun er vel undirbúin aukast líkur á því að börnin upplifi öryggi, trú á eigin getu og hefji grunnskólagöngu sína með jákvæðu hugarfari.



Leikskólinn Arnarberg og Lækjarskóli hafa þróað með sér traust og árangursríkt samstarf. Reglulegar heimsóknir eru á milli skólanna, þar sem leikskólabörn fá að kynnst skóla-

umhverfinu, hitta starfsfólk og taka þátt í kennslustundum. Grunnskólabörn koma einnig í heimsókn í leikskólann og leika við leikskólabörnin. Þessi gagnkvæmu samskipti skapa tengsl og býr börnin undir nýjar aðstæður á hvetjandi hátt. Foreldrar barna sem fara í aðra grunnskóla en Lækjarskóla hafa möguleika á að fá kynningu með sínu barni í nýjum skóla.

Skólaskil fara fram að vori, þá miðlar leikskólinn nauðsynlegum upplýsingum til grunnskólans um þau börn sem þurfa aukið utan um hald er þau hefja grunnskólagöngu að hausti. Foreldrar hafa rétt á að fá upplýsingar um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskóla í grunnskóla og geta komið með ábendingar eða viðbætur. Upplýsingum sem skilað er snúa að þroska, áhugasviðum, styrkleikum og stuðningsþörfum barnsins og eru ætlaðar til að auðvelda aðlögun og stuðla að samfellu í námi og velferð.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er mikilvægt að kennarar á báðum skólastigum kynni sér starfshætti hvers annars og leiti leiða til að byggja upp samfellt nám. Í því felst meðal annars að viðhalda góðum tengslum á milli skólanna, skipuleggja sameiginlega viðburði og móta sameiginleg markmið.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í því að tryggja samfellu í námi barna sinna. Þeir búa yfir mikilvægri innsýn í líf og reynslu þeirra og eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga.

8. Mat og eftirlit

Leikskólinn ber ábyrgð á að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Í því skyni er reglulegt mat á leikskólastarfi mikilvægur þáttur í gæðastarfi skólans.


Mat á leikskólastarfi er tvíþætt: annars vegar innra mat, sem leikskólinn framkvæmir sjálfur sem hluta af daglegu starfi og hins vegar ytra mat sem framkvæmt er af sveitarfélagi eða Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Tilgangurinn er að fylgjast með að starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og Aðalnámskrá. Ásamt því að auka gæði, styðja við umbætur og þróun og tryggja að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Matið á einnig að ná til markmiða er tengjast lýðræðislegri þátttöku, sjálfstæði, samskiptahæfni og öðrum grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Við leggjum áherslu á að matið sé lifandi ferli, þar sem sjónarmið barna,

foreldra og starfsfólks eru virt og nýtt til að efla leikskólastarfið með velferð og þroska barna að leiðarljósi.

Ytra mat á leikskólastarfi

Ytra mat á leikskólastarfi felur í sér úttektir og eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Það er í höndum viðeigandi nefndar á vegum sveitarstjórnar að hafa þetta eftirlit, bæði með leikskólum sem reknir eru af sveitarfélaginu og öðrum aðilum. Nefndin ber ábyrgð á að mat á skólastarfi taki mið af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn framkvæmi innra mat með markvissum hætti.



- Við ytra mat er stuðst við fjölbreyttar heimildir svo sem mat á skólanámskrá, starfsáætlun, innra mati, tölulegum upplýsingum og framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins.

Þá er upplýsingum reglulega aflað með viðhorfsskönnunum meðal foreldra og starfsfólks. Sveitarstjórn ber jafnframt að tryggja miðlun upplýsinga til ráðuneytis, starfsfólks og foreldra. Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast enn fremur reglubundið ytra mat með úttektum, könnunum og greiningum sem miða að því að veita heildstæða mynd af starfsemi leikskóla. Úttektir geta beinst að einstökum þáttum skólastarfs eða verið heildstæður hluti af þriggja ára áætlun ráðuneytisins. Allar niðurstöður eru birtar opinberlega og eftirfylgni er gerð í samræmi við viðfangsefni og niðurstöður (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Innra mat á leikskólastarfi

Innra mat er órjúfanlegur hluti af faglegu starfi leikskólans og mikilvægt tæki til að efla gæði, stuðla að umbótum og þróa skólastarfið í takt við þarfir barna, fjölskyldna og starfsfólks. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að innra mat eigi að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem samræmast markmiðum skólanámskrár og að það eigi að fléttast saman við daglegt starf. Þá skal matið ná til allra þátta leikskólastarfsins samanber til stjórnunar, samskipta, kennsluhátta og samvinnu innan og milli deilda.

Á Arnarbergi leggjum við áherslu á að allt skólasamfélagið komi að innra mati, þar á meðal börn, foreldrar og starfsfólk.



Með lýðræðislegum vinnubrögðum tryggjum við að sjónarmið allra fái að heyrast og skapað sé rými fyrir samræður, ígrundun og gagnkvæma ábyrgð. Helstu matsaðferðir sem við notum eru fundir starfsfólks, regluleg starfsmannaviðtöl, viðhorfskannanir meðal barna, foreldra og starfsfólks, sem og mat í gegnum dagleg störf.

Við leggjum ríka áherslu á að hlusta á börnin sjálf og að raddir þeirra fái að njóta sín með einföldum aðferðum sem miða að þroska þeirra.

Foreldrar koma reglulega að mati í gegnum samtöl, kannanir og fundi þar sem þau veita ábendingar og fá tækifæri til að ræða nám og líðan barna sinna. Starfsmenn rýna jafnframt stöðugt í eigið starf og þróa það með reglulegu samtali og ígrundun.

Leikskólastjóri ber faglega ábyrgð á framkvæmd innra mats, en leikskólakennarar gegna lykilhlutverki í skipulagningu og framkvæmd þess. Niðurstöður mats eru nýttar til að móta umbótaáætlanir og eru þær birtar með aðgengilegum hætti. Með innra mati viljum við tryggja að leikskólastarfið haldist í stöðugri þróun og að við séum stöðugt að leita leiða til að bæta nám og vellíðan allra sem að leikskólanum koma (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 2011/2011.

Barnaheill. (e.d). *Sjálfbærni*. <https://barnaheill.is/gaetum-rettinda-barna/sjalfbaerni/>

Bento, G. og Dias, G. (2017). The importance of outdoor play for young children's healthy development. *Porto biomedical journal*, 2(5), 157-160.
<https://doi.org/10.1016/j.pbj.2017.03.003>.

Lög um barnið nr. 76/2003.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 444/201.

Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björk Mörk. (2024). *Handbók um leik barna í leikskólum*. Menntamálastofnun. www.vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/

Weir, K. (2020, 01. apríl). Nurtured by nature. *Monitor on Psychology*, 51(3), 50-56.